

Fundur í trúnaðarráði þriðjudaginn 2. október 2018

Dagskrá:

1. Kynning á niðurstöðu skoðanakönnunar FVSA sem gerð var á meðal félagsmanna. Hanna Þórey Guðmundsdóttir frá Gallup fór yfir niðurstöðurnar.
2. Kröfugerð FVSA vegna komandi kjarasamninga.
Farið var yfir drög að kröfugerð sem unnin voru úr skoðanakönnun FVSA. Nokkrar umræður urðu um þessi mál og nokkrar viðbætur gerðar við það sem fyrir var.
Lesin var upp ályktun FVSA með helstu áhersluatriðum vegna kjarasamninganna.
Margrét Júlía og Arnbjörg sem sóttu þing ASÍ-UNG á vegum FVSA sögðu frá þinginu, einnig sagði Margrét Júlía frá námi „ungir leiðtogar“ sem hún sótti. Voru þær báðar mjög ánægðar með hvoru tveggja.
3. Samningsumboð til LÍV.
Samþykkt að veita LÍV umboðið.
4. Önnur mál.
Formaður hvatti fundarmenn til að mæta á almennan félagsfund í Hofi fimmtudaginn 4. október.